

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 93/2021

frá 19. mars 2021

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 frá 16. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, fyrirmyndir að opinberum vottorðum og fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af tilteknum flokkum dýra og vara og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 599/2004, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 636/2014 og (ESB) 2019/628, tilskipun 98/68/EB og ákvörðunum 2000/572/EB, 2003/779/EB og 2007/240/EB ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2236 frá 16. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af lagardýrum og af tilteknum lagardýraafurðum og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1251/2008 ⁽²⁾.
- 3) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235 fellir úr gildi frá 21. apríl 2021, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr 599/2004 ⁽³⁾, framkvæmdarreglugerðir (ESB) nr. 636/2014 ⁽⁴⁾ og (ESB) 2019/628 ⁽⁵⁾ og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/68/EB ⁽⁶⁾, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og ber því að fella þær brott samkvæmt samningnum frá 21. apríl 2021.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 442, 30.12.2020, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 442, 30.12.2020, bls. 410.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 94, 31.3.2004, bls. 44.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 175, 14.6.2014, bls. 16.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 101.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 261, 24.9.1998, bls. 32.

- 4) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2236 fellir úr gildi, frá 21. apríl 2021, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 1251/2008 ⁽⁷⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum frá 21. apríl 2021.
- 5) Reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 346/2010 ⁽⁸⁾ og (ESB) nr. 350/2011 ⁽⁹⁾ og framkvæmdarreglugerðir (ESB) nr. 25/2014 ⁽¹⁰⁾, (ESB) 2016/1096 ⁽¹¹⁾, (ESB) 2019/589 ⁽¹²⁾, (ESB) 2019/1758 ⁽¹³⁾ og (ESB) 2020/2202 ⁽¹⁴⁾, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn, munu úreldast frá 21. apríl 2021 og ber því að fella þær brott samkvæmt EES-samningnum frá 21. apríl 2021.
- 6) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki eiga við um Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki við um Liechtenstein.
- 7) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 13k (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2002) í hluta 1.1 í I. kafla:

„13l. **32020 R 2235**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 frá 16. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, fyrirmyndir að opinberum vottorðum og fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af tilteknum flokkum dýra og vara og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 599/2004, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 636/2014 og (ESB) 2019/628, tilskipun 98/68/EB og

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 337, 16.12.2008, bls. 41.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 104, 24.4.2010, bls. 1.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 97, 12.4.2011, bls. 9.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 9, 14.1.2014, bls. 5.

⁽¹¹⁾ Stjtið. ESB L 182, 7.7.2016, bls. 28.

⁽¹²⁾ Stjtið. ESB L 100I, 11.4.2019, bls. 14.

⁽¹³⁾ Stjtið. ESB L 270, 24.10.2019, bls. 63.

⁽¹⁴⁾ Stjtið. ESB L 438, 28.12.2020, bls. 1.

ákvörðunum 2000/572/EB, 2003/779/EB og 2007/240/EB (Stjtið. ESB L 442, 30.12.2020, bls. 1).

„Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er EES-samninginn varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í III. viðauka er orðunum „Íslands, Noregs“ bætt við á eftir orðinu „Finnlands“ í 4. mgr. II. hluta Athugasemda í II. hluta 1. kafla, 3. mgr. II. hluta Athugasemda í II. hluta 3. kafla og 3. mgr. II. hluta Athugasemda í II. hluta 19. kafla og á eftir orðinu „Svíþjóðar“ í 2. mgr. í II. hluta Athugasemda í II. hluta 13. kafla.

Ákvæði þessarar gerðar gilda gagnvart Íslandi á þeim sviðum sem vísað er til í 2. mgr. inngangsorðanna.

- 13m. **32020 R 2236:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2236 frá 16. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af lagardýrum og af tilteknum lagardýraafurðum og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1251/2008 (Stjtið. ESB L 442, 30.12.2020, bls. 410).“
2. Texti liðar 11bl (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/628) í hluta 1.1, 119. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 599/2004), 151. liðar (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 636/2014) í hluta 1.2, 86. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008) í hluta 4.2 í I. kafla fellur brott frá 21. apríl 2021.
3. Texti liðar 31aa (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/68/EB og 31ql (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/628) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn fellur brott frá 21. apríl 2021.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 2020/2235 og (ESB) nr. 2020/2236, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 20. mars 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2020 frá 11. desember 2020 ⁽¹⁵⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 19. mars 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

⁽¹⁵⁾ Verður birt.